



HRUNAMANNAHREPPUR

5. FUNDUR HREPPSNEFNDAR
KJÖRTÍMABILÍÐ 2010 – 2014 10. FUNDUR ÁRSINS
VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 7. OKTÓBER 2010
KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2010, þann 7. október kom hreppsnefnd Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Logi Eggertsson Esther Guðjónsdóttir, Gunnar Þór Jóhannesson og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon oddviti setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir fundargerð fræðslunefndar þann 5. október s.l. og ályktun stjórnar SASS vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á framlögum til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. Hreppsnefnd samþykkir að leggja þessi erindi fram.

Erindi til hreppsnefndar:

1. Myndlistarskóli Uppsveita. Samningur.
2. Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið. Ráðningar starfsmanna sveitarfélaga.
3. Vegagerðin. Hringtorg á Flúðum.
4. Undirskriftarlisti vegna skólaaksturs.
5. Héraðssambandið Skarphéðin. Beiðni um kaup á bókinni *HSH í 100 ár*.
6. Heimasiða Hrunamannahrepps. Samningur.
7. Vinnueftirlitið. Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum.
8. Málefli. Talþjálfun barna.
9. Helgi Gíslason. Styrkbeiðni.
10. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Högnastaða.
11. Deiliskipulag vegna íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar.
12. Deiliskipulag vegna Suðurbrúnar á Flúðum.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. Veitustjórn: 4. fundur stjórnar frá 27. september s.l.
14. Ferða og menningarnefnd: 1. fundur nefndar frá 7. september s.l.
15. Fræðslunefnd. 6. fundur frá 29. september s.l.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

16. 27. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 23. ágúst s.l. og 50. 51. og 52. afgreiðslufundir byggingarfulltrúa frá 18. ágúst, 1. september og 15. september s.l.
17. Félagsþjónusta: 127 og 128. fundir félagsmálanefndar frá 24. ágúst og 1. september s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 436. stjórnarfundar frá 12. september sl.
- b. SASS: Fundargerð 437. stjórnarfundar frá 22. september sl.
- c. SASS: Fundargerð 41. aðalfundar frá 13. og 14. september sl.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 193. stjórnarfundar frá 13. september s.l.
- e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 30. aðalfundar þann 13. september s.l.

Kynningarmál:

- f. Matvælastofnun. Samræming á smölu milli Hvítár og Þjórsár.
- g. Orkustofnun: Tilkynningarskylda um jarðboranir.
- h. Félag ráðgjafa og stuðningsfulltrúa FRS. Yfirtaka málaflokks fatlaðra, starfsmannamál.
- i. Skipulagsstofnun. Breyting á deiliskipulagi.
- j. Vegagerðin. Fundargerð.
- k. Sameiginleg yfirlýsing sveitarstjórnar Hrunamannahrepps og Umhverfisráðuneytisins.
- l. Stjórnlagabing. Fyrirkomulag kosninga
- m. Tónlistarskóli Árneseinga. Fundargerð 153. fundar frá 10. sept. sl.

- n. Jöfnunarsjóður. Uppgjör vegna fasteignaskattstekna 2010.
- o. Fjársýsla ríkisins. Uppgjör útsvars vegna 2009.
- p. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Velferð og vellíðan í skólum.
- q. Skipulagsstofnun. Ný skipulagsreglugerð.
- r. Vinnumarkaðsráð Suðurlands. Fundargerð 18. fundar frá 9. september sl.
- s. Velferðavaktin. Ályktun velferðavaktarinnar.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Stefnumótun sveitarfélaga í skólamálu.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 776. fundar frá 26. ágúst sl.

Fundir framundan.

- v. Fjárlaganefnd. Fundur 8. október.
- w. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 14-15. okt. n.k.
- x. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 15. okt. n.k.
- y. Ábyrgð sveitarstjórna vegna náttúruhamfara 21. okt. n.k.

Skýrsla á skrifstofu

- z. Skólaskrifstofa Suðurlands. Ársskýrsla 2009-2010.
- aa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ársskýrsla 2009.

Gengið til dagskrár:

Erindi til hreppsnefndar:

1. **Myndlistarskóli Uppsveita. Samningur.**
Oddviti kynnti bréf frá Eygló Jósephsdóttur þar sem óskað var eftir samningi milli Hrunamannahrepps og Myndlistarskóla Uppsveita um að sveitarfélagið taki þátt í rekstri skólans. Hreppsnefnd samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 50.000 fyrir árið 2010 og vísar málinu að öðru leyti til Fræðslunefndar.
2. **Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Ráðningar starfsmanna sveitarfélaga.**
Oddviti kynnti tilmæli til sveitarstjórna vegna reglna um ráðningar starfsmanna sveitarfélaga. Hreppsnefnd hefur ekki framselt vald sitt til að ráða í helstu stjórnunarstöður. Varðandi ráðningar annarra starfsmanna sveitarfélagsins þá ráða skólastjórar grunn- og leikskóla sína starfsmenn vegna sinna stofnana og sveitarstjóri aðra starfsmenn sveitarfélagsins.
3. **Vegagerðin. Hringtorg á Flúðum.**
Oddviti kynnti bréf frá Vegagerðinni um framkvæmd við hringtorg á Bræðratunguvegi við Flúðir. Hreppsnefnd samþykkir að greiða sinn hluta af kostnaði vegna framkvæmdarinnar sem er 25% af verkinu vegna afleggjara inn á nýtt iðnaðarsvæði á Flúðum. Gera þarf ráð fyrir kostnaði vegna framkvæmdanna í fjárhagsáætlun næsta árs.
4. **Undirskriftarlisti vegna skólaaksturs.**
Oddviti kynnti undirskriftarlista og yfirlýsingu vegna þeirrar ákvörðunar að fella niður skólaakstur úr norðurbænum á Flúðum. Skv. 19. gr.sveitarstjórnarlaga er Hreppsnefnd ekki vanhæf til að fjalla um málið. Hreppsnefnd telur ekki efni til að breyta fyrri ákvörðun fræðslunefndar og sveitarstjórnar um að leggja af skólaakstur í sínu þéttbýli og öðrum börnum á Flúðum hefur ekki verið ekið í skólann. Þessi ákvörðun leiðir til þess að umtalsverðir fjármunir munu sparast vegna skólaaksturs og þeim fjármunum er mun betur varið í að auka umferðaröryggi á þessu svæði. Má í því sambandi benda á að börnin eru einnig á ferð á sama svæði á öðrum tíma vegna almennra frístunda og vegna félags- og æskulýðsstarfs. Nú þegar hefur verið ráðist í framkvæmdir varðandi umferðaröryggis- og aðgengissjónarmið í samstarfi við Vegagerðina um að setja tvær upplýstar gangbrautir á veginn á mótis við Hofatún. Mun þessi framkvæmd einnig stuðla að því að draga úr umferðarhraða á götunni. Þá er búið að malbika gangstéttir á aðal aðkomuleiðum og merkja betur götur og gera gangbrautarlinur á þessu svæði. Sveitarstjórn mun að sjálfsögðu gera sitt besta til að halda áfram að vinna að umferðaröryggismálum á þessu svæði og gæta þess að umferð gangandi og akandi á þessu svæði verði greið við misjafnar aðstæður.
5. **Héraðssambandið Skarphéðinn. Beiðni um kaup á bókinni HSK í 100 ár.**
Oddviti kynnti bréf frá Héraðssambandinu Skarphéðni þar sem þeir óska eftir að Hrunamannahreppur kaupi bækur til styrktar útgáfu um sögu sambandsins. Hreppsnefnd samþykkir að kaupa 5 bækur.

6. **Heimasíða Hrunamannahrepps. Samningur.**
Oddviti kynnti drög að samningi við Sigmar Sigþórsson um vefstjórn á heimasíðu hreppsins. Hreppsnefnd samþykkir að fela sveitarstjóra að ganga til samninga við Sigþór um umsjón á heimasíðunni.
7. **Vinnueftirlitið. Vinnuverndarstarf í fyrirtækjum og stofnunum.**
Oddviti kynnti bréf frá Vinnueftirlitinu þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið skili svörum um stöðu áhættumats hjá vinnustöðum/stofnunum þess. Hreppsnefnd felur sveitarstjóra að vinna í því að sveitarfélagið geri áhættumat á vinnustöðum og stofnunum þess.
8. **Málefli. Talþjálfun barna.**
Oddviti kynnti bréf frá Málefli þar sem óskað er eftir sveitarfélagið geri grein fyrir hvernig staðið er að talþjálfun barna og unglunga í sveitarfélaginu. Hreppsnefnd vísar málinu til fræðslunefndar.
9. **Helgi Gíslason. Styrkbeiðni.**
Oddviti kynnti bréf frá Helga Gíslasyni listamanni þar sem hann óskar eftir styrk vegna listasýningar í Seli í sumar. Í ljósi forsögu málsins samþykkir hreppsnefnd að styrkja sýninguna um kr. 25.000.
10. **Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Högnastaða.**
Oddviti kynnti og lagði fram að nýju tillögu að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Högnastaða, landnr. 166779. Um er að ræða 24,6 ha svæði sem liggur meðfram Bræðratunguvegi að sunnanverðu og er þar gert ráð fyrir 22 frístundahúsalóðum þar sem hámarks byggingarmagn er 210 fm eða nýtingarhlutfall upp á 0.03. Á fundi skipulags- og byggingarnefndar 22. desember 2009 var samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um ákveðnar breytingar til samræmis við ábendingar sem fram koma í umsögn Veðurstofunnar dags. 15. desember 2009 þar sem m.a. er lagt til að fella út lóðir 21 og 22. Nú liggur fyrir bréf frá skipulagshönnuði með rökstuðningi til að halda í lóðirnar tvær auk þess sem fyrir liggja upplýsingar frá starfsmanni Vegagerðarinnar um málið. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.
11. **Deiliskipulag vegna íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar.**
Oddviti kynnti tillögu Landslags ehf. að breytingu á deiliskipulagi íbúðarsvæðis í landi Sunnuhlíðar innan þéttbýlisins á Flúðum. Um er að ræða 2. áfanga íbúðarsvæðisins en skv. gildandi deiliskipulagi eru 12 stórar einbýlishúsalóðir syðst á svæðinu. Skipulagssvæðið er um 39 ha að stærð og afmarkast af Hvítárhóltsvegi og Bræðratunguvegi að norðanverðu, frístundabyggð úr landi Efra-Sels að vestan, Litlu-Laxá að sunnan og tjaldssvæði sveitarfélagsins að austan. Breytingin felur í sér að við bætast 53 einbýlishúsalóðir og samtals 60 íbúðir í parhúsum á svæði norðan við núverandi lóðir. Í heild er því gert ráð fyrir allt að 125 íbúðum á svæðinu. Samþykkt að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.
12. **Deiliskipulag vegna Suðurbrúnar á Flúðum.**
Oddviti kynnti að lokinni auglýsingu tillögu að deiliskipulagi 4,1 ha. svæðis við Suðurbrún á Flúðum með lóðum fyrir íbúðarbyggð og landbúnað. Í dag eru 5 íbúðarhúsalóðir innan svæðisins auk gróðurhúss og tilheyrandi starfsmannahúsi. Samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir tveimur nýjum íbúðarhúsalóðum austast á svæðinu en í staðinn fellur út núverandi lóð nr. 8 og hús sem þar er verður flutt í burtu. Tillagan var auglýst 29. júlí 2010 með athugasemdafresti til 10. september. Engar athugasemdir bárust. Tillagan er nú lögð fram með þeirri breytingu að byggingarreitir á lóðum nr. 1, 3 og 5 breytast á þann veg að fjarlægð þeirra frá suðurmörkum verður 5 m í stað 8 m og byggingareitir á lóðum 1, 3, 5 og 7 breytast þannig að fjarlægð frá austurmörkum lóðanna verður 5 m í stað 8m. Að mati sveitarstjórnar er um óverulega breytingu að ræða og samþykkir tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

13. **Veitustjórn: 4. fundur stjórnar frá 27. september s.l.**

Oddviti kynnti fundargerðina. Farið var yfir mál varðandi vatnsvernd og réttarstæði Hrunaréttar, yfirtökusamning á hitaveitukerfi í Kjóabyggð í landi Borgarás, yfirlit um mál í vinnslu og niðurstöðu í verðkönnunar vegna dæluhúss við sundlaug og hitaveitulagnar í Sléttubýggð úr landi Efra-Sels. Lagt er fyrir hreppsnefndina verklýsing Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna vegna endurbyggingar á Hrunaréttum og minnisblað Barkar Brynjarssonar verkfræðings vegna endurbyggingarinnar. Hreppsnefnd staðfestir fyrri ákvörðun sína að Hrunaréttir verði endurbyggðar á sama stað og hinar eldri réttir eru staðsettar. Hins vegar ítrekar hreppsnefnd að allra leiða skuli leitað til að tryggja öryggi vatnsbólanna við Hrunaréttir, þar á meðal að girða svæðið af í samráði við Sauðfjárræktarfélagið, fylgst verði betur með vatnsgæðum og hægt verði að loka fyrir hvert vatnsból fyrir sig. Jafnframt verði litið til fyrirhæfðar Barkar Brynjarssonar verkfræðings varðandi frágang við endurbyggingu réttanna. Að öðru leyti samþykkir Hreppsnefnd fundargerðina.

14. Ferða- og menningarnefnd: 1. fundur nefndar frá 7. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nýrrar Ferða og menningarnefndar. Fjallað var um hlutverk nefndarinnar, vinnu vegna uppskeruhátíðar og ákveðið að reyna að safna upplýsingum til að greina þörf og væntingar ferðamanna. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

15. Fræðslunefnd. 6. fundur frá 29. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir skýrslu skólustjóra, erindisbréf fyrir fræðslunefnd, fjárhagsáætlun rædd og stefnumörkun túlkapjónustu fyrir erlenda foreldra. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps.

16. 27. fundur Skipulags og byggingarnefndar frá 23. ágúst s.l. og 50. 51. og 52. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa frá 18. ágúst, 1. september og 15. september s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 27. fundar Skipulags- og byggingarnefndar frá 23. ágúst 2010 en þar er fjallað um 10 mál fyrir Hrunamannahrepp. Farið var yfir mál nr. 1 sem varðaði rotþró í Heiðarbyggð, mál nr. 5, 3 afgreiðslufundir byggingarfulltrúa númer 50., 51. og 52. þar sem 9 mál snertu Hrunamannahrepp, mál nr. 6 hús undir spennistöð á Garðastíg fór í grenndarkynningu, mál nr. 8 bygging hesthúss í Túnsbergi vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa þegar afstaða Skipulagsstofnunar lægi fyrir, mál nr. 15 deiliskipulag vegna hluta af bæjartorfunni í Birtingarholti sem fór til auglýsingar, mál nr. 16, deiliskipulag vegna garðyrkjubýlisins í Götum sett í auglýsingu, mál nr. 17 deiliskipulag vegna lands í Gröf sett í auglýsingu þegar umsögn Vegagerðarinnar liggur fyrir, mál nr. 18 þar sem deiliskipulag vegna Hveramýri var samþykkt, mál nr. 19 vegna tjaldsvæðis á Flúðum og mál nr. 20 varðandi þjóðlendu á Hrunaheiðum.

Varðandi mál nr. 19 vegna breytingar á deiliskipulagi á tjaldsvæði á Flúðum þá samþykkir sveitarstjórn að auglýsa tillöguna skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga með fyrirvara um smávægilegar lagfæringar til samræmis við ábendingar Skipulagsstofnunar. Að öðru leyti samþykkir Hreppsnefnd ofangreind mál og fundargerðirnar.

17. Félagsþjónusta: 127 og 128. fundir félagsmálanefndar frá 24. ágúst og 1. september s.l.

Oddviti kynnti fundargerðir 127. og 128. fundar félagsmálanefndar. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðirnar.

Önnur mál:

18. Fræðslunefnd. 7. fundur frá 5. október s.l:

Oddviti kynnti fundargerð fræðslunefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir málefndi Félagsmiðstöðvarinnar Zero og erindi vegna vistunar á barni í leikskóla í Brautarholti. Hreppsnefnd samþykkir fundargerðina og tekur undir ályktun nefndarinnar að leitað verði eftir formlegu samstarfi við Skeiða- og Gnúpverjahrepp um rekstur félagsmiðstöðvarinnar. Jafnframt verði hafnar

viðræður við Bláskógabyggð og Skeiða- og Gnúpverjahrepp um möguleika á samstarfi í íþrótt- og æskulýðsmálum.

19. Ályktun stjórnar SASS vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á framlögum til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi.

Hreppsnefnd tekur heilshugar undir ályktun SASS þar sem mótmælt er harðlega fyrirhuguðum niðurskurði á framlögum til heilbrigðisstofnana á Suðurlandi. Hreppsnefnd telur að með þessu sé verið að gengisfella búsetuskilyrði á landsbyggðinni.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 436. stjórnarfundar frá 12. september sl. Fundargerð lögð fram.
- b. SASS: Fundargerð 437. stjórnarfundar frá 22. september sl. Fundargerð lögð fram.
- c. SASS: Fundargerð 41. aðalfundar frá 13. og 14. september sl. Fundargerð lögð fram.
- d. Sorpstöð Suðurlands: Fundargerð 193. stjórnarfundar frá 13. september s.l. Fundargerð lögð fram.
- e. Atvinnuþróunarfélag Suðurlands: Fundargerð 30. aðalfundar þann 13. september s.l. Fundargerð lögð fram.

Kynningarmál:

- f. Matvælastofnun. Samræming á smölun milli Hvítár og Þjórsár. Lagt fram til kynningar.
- g. Orkustofnun: Tilkynningarskylda um jarðboranir. Lagt fram til kynningar.
- h. Félag ráðgjafa og stuðningsfulltrúa FRS. Yfirtaka málaflokks fatlaðra, starfsmannamál. Lagt fram til kynningar.
- i. Skipulagsstofnun. Breyting á deiliskipulagi. Lagt fram til kynningar.
- j. Vegagerðin. Fundargerð. Lagt fram til kynningar.
- k. Sameiginleg yfirlýsing sveitarstjórnar Hrunamannahrepps og Umhverfisráðuneytisins. Lagt fram til kynningar.
- l. Stjórnlagabing. Fyrirkomulag kosninga Lagt fram til kynningar.
- m. Tónlistarskóli Árnesinga. Fundargerð 153. fundar frá 10. sept. sl. Lagt fram til kynningar.
- n. Jöfnunarsjóður. Uppgjör vegna fasteignaskattstekna 2010. Lagt fram til kynningar.
- o. Fjárskýsla ríkisins. Uppgjör útsvars vegna 2009. Lagt fram til kynningar.
- p. Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Velferð og vellíðan í skólum. Lagt fram til kynningar.
- q. Skipulagsstofnun. Ný skipulagsreglugerð. Lagt fram til kynningar.
- r. Vinnumarkaðsráð Suðurlands. Fundargerð 18. fundar frá 9. september sl. Lagt fram til kynningar.
- s. Velferðavaktin. Ályktun velferðavaktarinnar. Lagt fram til kynningar.
- t. Samband íslenskra sveitarfélaga. Stefnumótun sveitarfélaga í skólumálum. Lagt fram til kynningar.
- u. Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 776. fundar frá 26. ágúst sl. Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan.

- v. Fjárlaganefnd. Fundur 8. október.
- w. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 14-15. okt. n.k.
- x. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 15. okt. n.k.
- y. Ábyrgð sveitarstjórna vegna náttúruhamfara 21. okt. n.k.

Skýrslur á skrifstofu

- z. Skólaskrifstofa Suðurlands. Ársskýrsla 2009-2010.
- aa. Samband íslenskra sveitarfélaga. Ársskýrsla 2009.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:50